

# Breyting á deiliskipulagi við Skálalæk í landi Indriðastaða er varðar lóð Hríssáss 18



Landlínur  
hönnun og skipulag



Dagsetning breytingar deiliskipulags 10.03.2020

Óveruleg breyting deiliskipulags við Skálalæk í landi Indriðastaða felur í sér breytingu á byggingarskilmálum fyrir lóð Hríssáss 18. Skipulagsuppráttur er óbreyttur. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022.

## Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag við Skálalæk í landi Indriðastaða, sem samanstendur af skipulagsupprætti og greinargerð. Auglýsing nr. 629/2003 um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 29.08.2003. Það hafa verið gerðar tvær breytingar á deiliskipulaginu, þær voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda þann 13.12.2019 (1098/2019) og 25.09.2009 (803/2009)

## Lýsing á breytingu

Breytingin tekur til greinar 3.3 *Húsbyggingar* í greinargerð deiliskipulags er varðar byggingarmagn, byggingarefni, mænishæð og mænisstefnu.

## Fyrir breytingu:

### 3 Byggingarskilmálar

#### 3.3 Húsbyggingar

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss er ýmist 100m<sup>2</sup> eða 120m<sup>2</sup>. Frisundahús á lóðum undir 4500m<sup>2</sup> skulu ekki vera stærri en 100m<sup>2</sup>, að meðaltalinni geymslu. Frístundahús á lóðum 4500m<sup>2</sup> eða stærri skulu ekki vera stærri en 120m<sup>2</sup>, að meðaltalinni geymslu. Á skipulagsupprætti er tilgreind stærð húss hvers byggingarreits fyrir sig.

Byggingarefni: Byggingarefni frístundahúss og áfastrar geymslu skal vera timbur. Þak bygginga skal vera klætt járn.

Mænishæð: Mænishæð frá gólfi fyrir frístundahús skal að hámarki vera 4,5m fyrir geymslu 3,2m. Haft skal sem viðmið að gólfhæð og hæð verandar yfir landi yfirstigi ekki 1,5m. Gæta ber að því að haga hönnun og staðsetningu hússins á þann veg að það falli vel að landformi. Sums staðar gæti verið þörf á að stalla hús og verönd.

Mænisstefna: Mænisstefna frístundahúss er sýnd á skipulagsupprætti, mænisstefna áfastrar geymslu má vera samsíða mænisstefnu frisundahúss eða 90° á hana.

**Eftir breytingu:**

**Sérskilmálar fyrir Hrírás 18**

**3 Byggingarskilmálar**

**3.3 Húsbyggingar**

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss á lóð Hrírás 18 skal vera að hámarki 194m<sup>2</sup>, að meðaltalinni geymslu.

Byggingarefni: Aðal byggingarefni frístundahúss og geymslu skal vera timbur. Þak bygginga skal vera klætt málm.

Mænishæð: Mænishæð frá gólfi fyrir frístundahús skal að hámarki vera 5m fyrir geymslu 3,2m. Haft skal sem viðmið að gólfhæð og hæð verandar yfir landi yfirstigi ekki 1,5m. Gæta ber að því að haga hönnun og staðsetningu hússins á þann veg að það falli vel að landformi. Sums staðar gæti verið þörf á að stalla hús og verönd.

Mænisstefna: Megin mænisstefna frístundahúss er sýnd á skipulagsupprætti eða 90° á hana. Mænisstefna geymslu má vera samsíða mænisstefnu frístundahúss eða 90° á hana.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá 25. mars til 25. apríl 2020

Var samþykkt í hreppsnefnd þann 29. apríl 2020



Samþykkt breytingarinnar á skipulagsskilmálum var auglýst í

B-deild Stjórnartíðinda þann 25. maí 2020